

1860.

8. desemb.

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn, um bréfburðareyri fyrir póstskeipsbréf frá Íslandi 1859.

Nokkrir Íslendingar og íslenskir kaupmenn, er búa hér í bænum, hafa í bréfi til dómsmálastjórnarinnar sótt um, að bréf þau, er komu til þeirra og annara með gufuskipi, er Óðinn heitir, í aprílmánuði f. á. frá Íslandi til *Liverpool* og þaðan voru send til Belgíu og síðan hingað yfir Þjóðverjaland, verði fram seld án þess fyrir þau sè goldinn sá bréfburðareyri, er póstmálastjórnin hér heimtar; svo hafa þeir og sótt um, að burðareyri sá, er þeir þegar sèu búnir að greiða fyrir bréf þessi, verði endurgoldinn þeim úr almennum sjóði.

Í þessu efni skal þess getið, að eptir að dómsmálastjórnin og fjárhagsstjórnin höfðu skrifazt á um málefni þetta, er þegar fyrir löngu síðan búið að veita þeim, er bréfin voru til, eptirgjöf á öllum hinum innlenda burðareyri fyrir þau, að svo miklu leyti, sem þeir hafa getað sannað heimild sína, og hefir þar að auki hinn útlendi burðareyri fyrir prentuð skjöl, þó þau annars ekki ættu að komast af með burðareyri dagblaða, og fyrir annað það, er senda á með „pakkapósti“, og fyrst var heimtaður burðareyri fyrir eins og fyrir bréf, verið lækkaður svo, að ekki hefir verið goldið meira fyrir þetta en annars er vant að gjalda fyrir það, sem sent er með pakkapósti. En með því nú einn af þeim mönnum, er ritað höfðu undir skjalið til dómsmálastjórnarinnar, Jón Sigurðsson, skjalavörður, sem býr hér í bænum, hefir leitað upplýsingar hjá stjórninni um úrslit málsins, þá biður dómsmálastjórnin bæjarstjórnina um að láta hann vita, að stjórnin ekki geti útvegað hlutadeigendum meira endurgjald fyrir útlát þeirra, þau er að ofan er getið, en þeir þegar eru búnir að fá.

12. desemb. **64. Tilskipun um stofnun barnaskóla í Reykjavík.**

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegulegt álitsskjal Vars